

**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR
DÓMHÚSINU VIÐ LÆKJARTORG
150 REYKJAVÍK**

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2007

Héraðsdómi Reykjavíkur hefur borist að nýju til umsagnar **frumvarp um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991** sem lagt var fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005 (þskj. nr. 980-670. mál).

Ánægju er lýst með þá breytingu sem gerð hefur verið á 2. gr. frumvarpsins varðandi opinbera útgáfu á dómum Hæstaréttar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að héraðsdómurum verði fjölgað úr 38 í 40. Segir í athugasemdum með ákvæðinu að þetta sé gert til þess að mæta sívaxandi álagi á dómara sem bæði stafi af fjölgun mála og að þau verði sífellt flóknari sem kalli á meiri vinnu dómara. Eigi þetta ekki síst við um sakamál en gert sé ráð fyrir því að að sífellt muni færast í vöxt að dómur sé þar fjölskipaður. Þá sé það staðreynd að frá því að dómstólaskipan var færð í núgildandi horf hafi ákærumálum fjölgað um tæplega fjórðung. Einnig er sú röksemd höfð uppi fyrir fjölgun dómara að algengt sé að dómarar taki sér leyfi frá störfum um nokkurra mánaða skeið, hvort sem er vegna náms, barnsfæðinga eða veikinda. Sé gert ráð fyrir að með fjölgun dómara minnki þörf á setningu dómara verulega.

Fagnað er þeim skilningi sem fram kemur í athugasemdunum á störfum dómara sem sífellt verða vandasamari í breyttu og flóknara samfélagi. Þá er tekið undir að veruleg fjölgun hefur orðið á sakamálum þar sem dómur er fjölskipaður. Í Héraðsdómi Reykjavíkur voru mál af því tagi 20 árið 2005 en 36 árið 2006. Færa má því rök fyrir fjölgun dómara af þessum sökum. Tekið skal skýrt fram að við mat á fjölgun dómara verður að miða við núverandi ástand en ekki eitthvað sem hugsanlega verður uppi á borðinu í framtíðinni, svo sem það sem gert er ráð fyrir í drögum að frumvarpi til laga um meðferð sakamála, þar sem boðuð er stórfelld fjölgun mála í fjölskipuðum dómi. Ef sú yrði raunin þyrfti fyrirsjáanlega að fjölga stöðugildum héraðsdómara um 5-6.

Á hinn bóginn skal tekið fram að fjöldi setninga í leyfum héraðsdómara hefur verið óverulegur á undanförunum árum. Ræður þar mestu árleg setning vegna námsleyfis dómara um sex mánaða skeið en kostnaður, sem af því leiðir, fæst bættur úr Endurmenntunarsjóði dómara og hefur því ekki í för með sér nein útgjöld fyrir héraðsdómstólana. Setningar vegna fæðingarorlofs og veikinda heyra til undantekninga. Þá fást útgjöld vegna setninga fyrir dómara í fæðingarorlofi bætt úr sérstökum sjóði, fæðingarorlofssjóði. Að lokum hafa útgjöld vegna setninga fyrir dómara í veikindaleyfi verið óveruleg þar til á síðustu mánuðum, en slíkar aðstæður eru að sjálfsögðu ófyrirsjáanlegar, hvort sem í hlut eiga dómarar eða aðrir ríkisstarfsmenn. Ekki hefur heldur verið vandamál að fylla stöður dómara með hæfum lögfræðingum vegna tímabundinna leyfa dómara af þeim ástæðum sem að framan greinir. Þykja því ekki vera nein rök fyrir fjölgun dómara vegna tímabundins leyfis þeirra. Að lokum þykir rétt að benda á það misræmi í dómstólalögum sem er á milli setninga dómara í Hæstarétti, þar sem mælt er fyrir um að skylt sé að setja

hæstaréttardómara í leyfum þeirra, en hið sama gildir ekki um héraðsdómara enda þótt þörf fyrir setningu í leyfum þeirra sé síst brýnni en vegna leyfa hæstaréttardómara.

Gera verður sér grein fyrir eðli setninga fyrir dómara. Þegar svo stendur á liggur fyrir að dómari, sem sett er fyrir, er með fjölda mála í gangi, sem eru komin í ákveðinn farveg og til dæmis búið að ákveða fjölda aðalmeðferða fram í tímann. Setningin þjónar því þeim tilgangi að sú dagskrá, sem þegar hefur verið ákveðin, raskist ekki. Þá fær settur dómari úthlutað nýjum málum meðan á setningartímanum stendur sem dómari sá, sem í leyfi er, tekur við þegar hann kemur aftur til starfa í þeirri stöðu sem þau þá eru. Til þess að nýta starfskrafta hinna tveggja nýju dómara, sem lagt er til í frumvarpinu að verði skipaðir, er ljóst að þeim verður falin til meðferðar mál, eins og öðrum dómurum, sem þeir þurfa að afgreiða. Þurfa þeir því að skipuleggja störf sín fram í tímann. Liggur því fyrir að óhægt verður um vik fyrir þá að ganga inn í dagskrá dómars, sem er í leyfi, án þess að það komi annað hvort niður á máls lengd þeirra mála, sem í gangi eru hjá þeim dómara sem er í leyfi, eða málanna sem þeim sjálfum hefur verið úthlutað.

Þá er á það bent að ekki fer saman að rökstyðja fjölgun dómara annars vegar með því að vísa til aukins álags og hins vegar að setningum muni fækka á sama tíma. Sé þörf á fjölgun dómara vegna álags leiðir af sjálfu sér að hinir nýju dómara verða þegar af þeirri ástæðu störfum hlaðnir og því ekki í stakk búnir til að taka við auknu álagi með setningu fyrir annan dómara. Ef sú verður raunin blasir við að fyrirfram ákveðin dagskrá raskast verulega.

Í frumvarpinu er ekki að finna nein ákvæði um hvort þar er um fastar stöður að ræða við tiltekna dómstóla eða færa megi þá til eftir þörfum og setja í leyfum héraðsdómara. Er brýnt að úr þessu verði bætt í frumvarpinu.

EKKI eru gerðar athugasemdir við **4. og 5. gr.** frumvarpsins. Þó skal tekið fram að grunnskilyrði þess að ráðinn verði sérstakur löglærður starfsmaður til dómstólaráðs til að sinna verkefnum, sem hafa upplýsingagildi fyrir almenning, sbr. 4. gr. frumvarpsins, er að tryggt verði fjármagn í því skyni. Að öðrum kosti er umrædd ráðagerð orðin tóm.

Samkvæmt **1. mgr. 6. gr.** frumvarpsins er gert að skilyrði fyrir ráðningu löglærðra aðstoðarmanna dómara að þeir hafi að baki tveggja ára starfsreynslu. Starf aðstoðarmanns dómara verður að teljast áhugavert fyrir unga og metnaðarfulla lögfræðinga og góður undirbúningur fyrir dómara- og lögmansstarf. Til þessa hefur gengið vel að ráða hæft fólk til þessara starfa. Með því að áskilja tveggja ára starfsreynslu er komið í veg fyrir að nýútskrifaðir og hæfir lögfræðingar veljist til þessa starfs. Hefur þetta skilyrði því í för með sér þá hættu að erfiðara verður að fá hæfa lögfræðinga til að taka þessi störf að sér. Miðað við það takmarkaða dómsvald, sem ráðgert er í frumvarpinu að aðstoðarmönnum dómara verði falið, þykir engin þörf á að gera umrædda starfsreynslu að skilyrði fyrir ráðningu þeirra. Má á það benda að þegar dómarafulltrúar höfðu fullt dómsvald og voru ráðnir frá prófborði olli það engum vandkvæðum í framkvæmd. Er því lagst gegn ofangreindu ákvæði frumvarpsins. Fari hins vegar svo að þessi afstaða njóti ekki stuðnings er vakin sérstök athygli á því að þetta skilyrði hefur þá augljósu þýðingu að bæta verður launakjör aðstoðarmanna verulega til þess að hæfir lögfræðingar telji starfið eftirsóknarvert.


Þá verður ekki séð að þörf sé á að breyta ráðningartíma aðstoðarmanna frá því sem nú er. Að lokum verður engan veginn séð að miðað við hið takmarkaða dómsvald aðstoðarmanna, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, skuli sömu reglur gilda um brottvikningu þeirra og dómara.

Í **2. mgr. 6. gr.** er gert ráð fyrir að dómstjóri geti falið aðstoðarmanni að annast hvers konar dómsathafnir en þó ekki fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar með töldum ágreiningsmálum um fullnustugerðir eða þinglýsingar, þar sem vörnum er haldið uppi eða

opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að dómstjóri geti falið aðstoðarmanni dómara að kveða upp svonefnda rannsóknarúrskurði, þar á meðal úrskurð um gæsluvarðhald. Ekki þykir vera neitt samræmi í því að takmarka dómsvald aðstoðarmanna dómara á þann hátt, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, en fela honum á sama tíma það mikla vald að kveða á um frelsissviptingu og mæla að öðru leyti fyrir um rannsóknaraðgerðir lögreglu. Er því lagt til að dómsvald aðstoðarmanna taki ekki til þessa mála. Þá þykir rétt að takmarka dómsvald aðstoðarmanna í sakamálum við sektarboðsmál en samkvæmt frumvarpinu nær dómsvald þeirra til að ákveða refsingu í svonefndum játningarmálum samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 til mála sem varða allt að 8 ára fangelsisrefsingu. Er þetta mikla dómsvald aðstoðarmann í engu samræmi við hið takmarkaða dómsvald þeirra í einkamálum.

Engar athugasemdir eru gerðar við 7. og 8. gr. frumvarpsins.

F.h. Héraðsdóms Reykjavíkur



Helgi I. Jónsson